

2015–2016

TÓNLIST
KENNSLUSKRÁ
MA/M.MUS



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts

Tónlistardeild

KENNSLUSKRÁ

MA/M.Mus

2015–2016

**TÓNLISTARDEILD
LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS**

Tónlistardeild Listaháskóla Íslands

Sölvhólsögötu 13
101 Reykjavík
s. 5525020
lhi@lhi.is

www.lhi.is

Útgefandi Tónlistardeild Listaháskóla Íslands 2015

Ritstjóri Ingibjörg Þórisdóttir

Prentvinnsla Oddi, umhverfissvottað fyrirtæki

FYRIRVARI

Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um
ófyrirsjáanlegar og nauðsynlegar breytingar

EFNISYFIRLIT

Tónlistardeild	4
Þjónusta	5
Úr skólareglum 2015–2016	7
Nemendaráð	9
Starfsfólk og kennarar tónlistardeildar	10
MA í tónsmíðum	12
M.Mus í Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf	23
Mikilvægar dagsetningar 2015–2016	40

TÓNLISTARDEILD

Markmið

Þekking er drifkraftur sköpunar. Við bjóðum framsækið nám, í þroskandi umhverfi, sem byggir á hefð, sögu og tækni. Markmiðið er að efla nemendur til sjálfstæðis og sterkar vitundar fyrir nýsköpun, samfélagi og samstarfi.

Því munum við:

- ▶ stunda markvissa þjálfun og gagnrýna hugsun í starfi
- ▶ efla listsköpun og rannsóknir
- ▶ skapa jákvætt vinnuumhverfi sem byggir á virðingu og trausti
- ▶ viðhalda listrænum og faglegum gæðum
- ▶ stuðla að þverfaglegri samvinnu
- ▶ eiga samtal við nánasta umhverfi og samfélagið í heild
- ▶ taka þátt í alþjóðlegu samstarfi.

UM NÁMIÐ

Tónlistardeild LHÍ býður nemendum yfirgripsmikla þekkingu og þjálfun í tónlist. Stefnan er að veita ekki aðeins góðan fræði- og tæknilegan grunn, heldur einnig að auka víðsýni nemenda og að þeir kynnist í verki helstu möguleikum í sínu fagi, nýsköpun og skörun við aðrar greinar.

Á meistarastigi er boðið upp á nám á tveimur brautum: Tónsmíðum og NAIP

TÓNSMÍÐAR

Í MA-námi í tónsmíðum geta nemendur stundað nám í almennum tónsmíðum eða nýmiðlum, þar sem lögð er áhersla á notkun raf- og tölvutækni við gerð tónlistar. Þá hafa nemendur möguleika á að blanda þessum tveimur þáttum saman en einnig er boðið upp á valnámskeið í kvikmyndatónlist, sviðslistatónlist og upptökustjórn.

Í náminu er lögð áhersla á að nemendur hljóti yfirgripsmikla þekkingu á aðferðafræði tónsköpunar og öðlist færni í að beita henni. Nemendur fá tækifæri til þess að semja fyrir ýmsar samsetningar hefðbundinna hljóðfæra þ.á.m. fyrir einleikshljóðfæri, kammerhópa og hljóm-sveit auk kórs skólans. Nemendur læra að beita stafrænum miðlum til tónsköpunar og að blanda saman hefðbundnum og nýstárlegum tónlistarflutningi. Í nýmiðlum er m.a. lögð áhersla á grunnnám í hljóðhönnun, hljóðfræði og gagnvirkri tónlist ásamt samþættingu myndlistar/vídeó og tónlistar.

Tónsmíðanámið fer fram í einkatímum og hóptímum þar sem aðferðafræði tónsmíða er umfjöllunarefnið auk masterklassa þar sem nemendur kynnst fjölbreyttri flóru starfandi tónskálda og fræðimanna.

Nemendur hafa möguleika á því að vinna að verkefnum í samvinnu við Kvikmyndaskóla Íslands, sviðslistadeild LHÍ, Sinfóníuhljómsveit unga fólksins og ýmsa smærri kammerhópa eftir aðstæðum hverju sinni.

SKÖPUN, MIÐLUN OG FRUMKVÖÐLASTARF – NAIP

Námið, sem er samvinna fimm tónlistarháskóla í Evrópu, er tveggja ára nám til 120 eininga og ljúka nemendur að jafnaði 30 einingum á önn. Náminu lýkur með M.mus gráðu. Markmiðin eru að þróa og framkvæma skapandi verkefni við mismunandi aðstæður og efla með þeim áræði og dug til að gerast leiðtogar á sínu sviði. Nemendur fást við fjölbreytta tónsköpun og flutning, og þróa í því skyni nýjar aðferðir. Þeir fá þjálfun í listrænni stjórnun, verkefnastjórnun, frumkvöðlastarfi í tónlist og starfendatengdum rannsóknum. Unnið er að samstarfsverkefnum milli ólíkra tónlistarstíla, listgreina og hvers konar hópa samfélagsins. Með það að markmiði að nálgast nýja áhorfendahópa og auka með því almenna tónlistariðkun. Sérhæfing er möguleg í samspili (Ensembles), samstarfsverkefnum (Collaborative Practice) eða starfi með margskonar samfélagshópum (Crosssector Settings).

Námið hentar tónlistarmönnum með fjölbreytilegan bakgrunn, bæði sem flytjendur og tónsmiðir, sem hafa skýra sýn, hæfni og köllun til að feta nýjar brautir í að vinna með tónlist og tónlistariðkun í þágu samfélagsins. Þeir fá þjálfun í listrænni stjórnun, verkefnastjórnun, frumkvöðlastarfi í tónlist og starfendatengdum rannsóknum. Unnið er að samstarfsverkefnum milli ólíkra tónlistarstíla, listgreina og hvers konar hópa samfélagsins með það að markmiði að efla með þeim áræði og dug til að gerast leiðtogar á sínu sviði og að nálgast nýja áheyrendur.

ÞJÓNUSTA

ALÞJÓÐASKRIFSTOFA

Alþjóðaskrifstofa LHÍ leggur áherslu á að aðstoða nemendur við að sækja um sem skiptinemar í erlendum samstarfsskólum. Kynningarfundir eru haldnir reglulega í deildum skólans um tækifæri til skiptináms og starfsnáms, og möguleika á styrkjum. Ennfremur aðstoðar alþjóðaskrifstofa starfsfólk skólans við að undirbúa og sækja um styrki til starfsmanna- og kennaraskipta.

Alþjóðaskrifstofa Listaháskólans er staðsett á aðalskrifstofu skólans í Þverholti 11. Viðtalstími alþjóðaskrifstofu er mánudaga – fimmtudaga frá kl. 09.00 – 16.00. Auk þess hefur alþjóðafulltrúi fasta viðveru í tónlistardeild fyrsta þriðjudag hvers mánaðar frá kl. 09.00 – 13.00.

BÓKASAFN

Bókasafn og upplýsingaþjónusta Listaháskóla Íslands er sérfræðisafn á sviði þeirra listgreina sem kenndar eru við skólann og er safnið stærsta listbókasafn landsins.

Meginhlutverk safnsins er að veita nemendum og kennurum, auk annarra sem til skólans leita, aðgang að fjölbreyttu efni um listir og menningu, s.s. fræðibókum, tímaritum, myndefni, leikhandritum, hljómplötum, diskum og nótabókum en ekki síður að efla upplýsingalæsi nemenda og kennara með því að leiðbeina um notkun safnsins og aðstoða við leit að upplýsingum í rafrænum gagnasöfnum og á vefnum.

Bókasafnið er staðsett í Laugarnesi, Sölvhólgötu og Þverholti. Opnunartímar eru 08.30 – 16.00 í öllum húsum.

EFNISKAUP

Nemendur þurfa sjálfir að útvega sér efni vegna náms í tónlistadeild.

AÐSTAÐA

Listaháskóli Íslands starfar í þremur byggingum: Sölvhólgötu 13 þar sem tónlistadeild er til húsa auk sviðslistadeildar, við Laugarnesveg 91 þar sem myndlistardeild og listkennsludeild eru staðsettar og í Þverholti 11 þar sem hönnunar- og arkitektúrdeild er auk aðalskrifstofu skólans. Skrifstofan á Sölvhólgötu er opin frá kl. 08.00 – 15.00

Kennsla í tónlistardeild fer fram í einkakennslustofum, tónlistarsölum og hefðbundnum fræðikennslustofum auk þess hafa nemendur aðgang að æfingaherbergjum. Stuðst er við einkakennslu og hópkenndu í verklegum tímum og fyrirlestra, málstofur, verklegar kynningar og umræður í fræðum. Dagleg kennsla fer fram milli kl. 08:30 – 18:00. Stöku sinnum getur kennsla farið fram um helgar.

Hvert misseri er 15 vikur í kennslu. Kennst er samkvæmt hefðbundinni stundatöflu meginhluta annarinnar en reglulega er námið brotið upp með sérverkefnavikum. Í sérverkefnavikum fellur hefðbundin stundaskrá niður og nemendur taka þátt í stuttum, fjölbreyttum námskeiðum.

Einu sinni á misseri er verkefnavika þá fellur öll kennsla niður.

Allir nemendur fá úthlutað nemendakorti er gengur sem lykill að skólanum. Húsnæði skólans er opið frá kl. 08.00-16.00 virka dagaþ Frá kl. 16.00-01.00 og um helgar þarf að nota kortið sem lykil auk númerakóða sem nemendur fá einnig úthlutað. Frá kl. 01.00 – 07.00 er skólinn lokaður.

Allar ferðir fólks um húsið eru rekjanlegar, mikilvægt er að nemendur hvorki láni kortin sín né kóða. Ef nemandi glatar nemendakortinu sínu þarf hann að greiða 10.000 kr. fyrir nýtt kort sem fæst ekki endurgreitt þó eldra kortið finnst aftur.

PRENTUN OG LJÓSRITUN

Nemendur fá á hverri önn úthlutað prent- og ljósritunarkvóta. Ef þeir fara umfram hann er hægt að kaupa viðbótarkvóta á aðalskrifstofu í Þverholti eða hjá þjónustufulltrúa á Sölvhólgötu. Upplýsingar um verð og staðsetningu prentara má finna á heimasíðu skólans.

NETÞJÓNUSTA

Í Listaháskólanum er þráðlaust net sem stendur öllum nemendum og gestum til boða. Við bókasafn á Sölvhólgötu eru einnig nettengdar almenningstólur.

INNRI VEFUR OG NETFÖNG

Við innritun í LHÍ fá allir nemendur skólans úthlutað netfangi og lykilorði til notkunar á skólanetinu MySchool. Á MySchool geta nemendur nálgast upplýsingar um námið, ásamt því að skoða einkunnir sínar og námsferil. Nauðsynlegt er að tileinka sér notkun skólanetsins og uppfæra allar persónulegar upplýsingar jafnóðum. LHÍ netföng nemenda eru mikilvæg boðleið milli skólans og nemenda sem nemendum ber að nota. Við inngang fyrir framan skrifstofu þjónustufulltrúa í Laugarnesi er tafla sem notuð er til að koma daglegum skilaboðum til nemenda. Einnig má finna ýmsar hagnýtar upplýsingar á heimasíðu skólans þar sem jafnframt eru birtar fréttir af viðburðum og málefnum líðandi stundar.

MATSALA

Matsala fyrir nemendur og starfsfólk á Sölvhólgötu er opin frá kl. 09.00-13.00 alla virka daga. Hádegismatur er framreiddur frá kl. 12.00-13.00.

ÚR SKÓLAREGLUM 2015–2016

Heildarreglur má finna á vefsíðu Listaháskólans.

Endurinnritun, mat á fyrra námi og fyrning eininga

Fyrirverandi nemandi sem ekki hefur lokið námi getur sótt um að hefja nám við skólann að nýju og fær metin þau námskeið sem áður var lokið séu minna en fimm ár liðin frá síðustu innritun.

Ef liðið hafa fleiri en fimm ár frá námi þarf að sækja sérstaklega um mat á fyrra námi og er þá tekið tillit til gildandi kennsluskrár hverju sinni. Einingar fyrnast séu fleiri en níu ár liðin frá því nemandi hætti námi.

Nemendur sem óska eftir að fá metnar einingar úr öðrum háskólum skulu sækja um það og skila inn viðeigandi gögnum strax í upphafi náms. Listaháskólinn getur þannig metið nám á bakkalárstigi frá öðrum háskólum til allt að 60 eininga. (17.gr.)

Skólaár, kennslumisseri og brautskráning

Skólaárið telst frá 1. ágúst til 31. júlí. Kennsluár skiptist í tvö kennslumisseri, haustmisseri og vormisseri. Á kennslumisseri skulu eigi vera færri en 15 kennsluvikur, próf og leyfi koma þar til viðbótar.

Vorútskrift Listaháskólans fer fram í júní. Nemendur þurfa að skrá sig fyrir 15. mars.

Nemendur sem ekki hafa náð tilskildum einingaföldu til að útskrifast að vori geta sótt um brautskráningu að hausti eða miðjum vetri. Sækja þarf um haustútskrift eigi síðar en 1. september og eigi síðar en 15. desember fyrir vetrarútskrift. (18.gr.)

Einingafjöldi og framvinda náms

Við skipulag náms við Listaháskólann er miðað við að ein eining (ECTS) jafngildi 25–30 klukkustundum í vinnu fyrir nemandann.

Miðað er við að nemandi ljúki að jafnaði 60 einingum á námsári, eða sem nemur 30 einingum á misseri.

Nemandi er ábyrgur fyrir framvindu eigin náms innan skipulagsramma skólans. (19. gr.)

Fjarvera úr prófi

Ef nemandi er fjarverandi úr prófi og boðar ekki forföll er litið svo á að hann hafi þreytt prófið.

Nemandi á í því tilfelli ekki kröfu um endurtökupróf. (19. gr.)

Endurtekning á prófi eða verkefni

Standist nemandi ekki próf eða fellur í verkefni er honum heimilt að endurtaka það. Nemandi á eingöngu rétt á endurtöku hafi hann uppfyllt mætingarskyldu. Nemandi þarf að sækja um endurtöku eigi síðar en fimm dögum eftir birtingu einkunna. Verði endurtekningu prófs ekki komið við getur deildarforseti ákveðið um sambærilegt verkefni. Standist nemandi ekki endurtökupróf eða fyrirlagt sérverkefni verður hann að þreyta námskeiðið að nýju

Hafi nemandi staðist próf/verkefni getur hann óskað eftir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, að fá að endurtaka prófið/verkefnið. Heimili deildarforseti endurtöku skal hún fara fram í næsta skipti sem viðkomandi próf er haldið eða verkefni sett fyrir. Seinni einkunnin skal gilda. (19. gr.)

Sjúkrapróf/verkefni

Sjúkrapróf /verkefni skulu haldin vegna haustmisseris eigi síðar en 15. janúar og vegna vor-misseris eigi síðar en 1. júní.

Færsla einkunna og varðveisla úrlausna

Náms- og kennsluþjónusta sér um færslu einkunna og varðveislu þeirra, auk þess að birta nemendum lokaekunnir. (19. gr.)

Námsframvinda

Skuldbinding nemandans og úrsögn úr námskeiði

Þegar nemandi er skráður í námskeið er hann jafnframt skráður í próf eða er bundinn skiladögum fyrir verkefni ef námsmatinu er þannig háttáð. Með úrsögn úr námskeiði er nemandi þar með leystur undan þeim kröfum er varða námsmatið. Úrsögn úr námskeiði verður að tilkynna skriflega til deildarfulltrúa innan frests sem nemur þriðjungi af heildartímalengd viðkomandi námskeiðs. (22.gr.)

Veikindi

Nemandi, sem vegna veikinda mætir ekki til prófs eða getur ekki lagt fram tilskilið verkefni til mats, innan þess frests sem gefinn er, skal tilkynna forföll áður en prófið hefst eða frestur rennur út. Læknisvottorði skal skilað á skrifstofu skólans til staðfestingar eigi síðar en þremur dögum eftir að próf var haldið eða skilafrestur rann út, annars telst nemandi hafa þreytt

prófið eða tekið þátt í verkefnaskilum. Með læknisvottorði ávinnur nemandi sér rétt til sjúkra-
prófs, svo framarlega sem mæting hafi verið fullnægjandi í námskeiðinu.

Námshlé

Nemendur geta tekið sér námshlé innan þess ramma sem reglur skólans setja um framvindu
náms. Nemendur þurfa að tilkynna um námshlé á þar til gerðum eyðublöðum eigi síðar en
1. október vegna náms á haustmisseri og fyrir 1. febrúar vegna náms á vormisseri. Námshlé
getur að hámarki verið eitt ár og þarf að rúmast innan þess ramma sem skólinn setur, sbr.
19. gr.

Meðferð mála frá nemendum

Ef nemandi telur sig vera beittan órétti getur hann beint máli sínu í eftirfarandi farveg:
Nemandi snýr sér til viðkomandi kennara, fagstjóra, deildarforseta eða námsráðgjafa sem
taka málið til umfjöllunar og leita lausna á því.

Uni nemandi ekki þeirri lausn skal hann senda skriflegt erindi ásamt rökstuðningi til rektors.
Rektor fer yfir málið, tekur ákvörðun og nemandi fær skriflegt svar þar sem niðurstaða máls-
ins er rökstudd.

Ef nemandi sættir sig ekki við ákvörðun rektors getur hann áfrýjað til úrskurðarnefndar í
réttindamálum nemenda. Úrskurðarnefnd fjallar þó ekki um einkunnir (sjá starfsreglur úr-
skurðarnefndar). Um ábyrgð og fyrirkomulag námsmats er vísað í 21. gr. (28. gr.)

Brot á lögum eða reglum skólans

Hafi nemandi gerst sekur um brot á lögum eða reglum skólans eða að framkoma hans gagn-
vart starfsmönnum eða öðrum nemendum er álitin ósæmileg eða óhæfileg getur rektor og/
eða viðkomandi deildarforseti veitt honum skriflega áminningu. Sé um að ræða brot sem
talið er alvarlegt og stríðir gegn grundvallarforsendum starfseminnar getur rektor vikið við-
komandi nemanda úr skóla tímabundið

NEMENDARÁÐ

Nemendaráð er samráðsvettvangur nemendafélaga við skólann og tengiliður nemendafélag-
anna við stjórnendur skólans. Nemendaráð er skipað formönnum nemendafélaga frá fimm
deildum skólans. Nemendaráð tilnefnir fulltrúa nemenda í nefndir og ráð skólans.

HANDBÓK NEMENDA

Fleiri hagnýtar upplýsingar má finna í handbók nemenda á vef skólans. Þ.á.m. umgengnis-
reglur, trúnaðar og réttindamál o.fl.

STARFSFÓLK OG KENNARAR TÓNLISTARDEILDAR

Albert Eiríksson, þjónustufulltrúi, albert@lhi.is

Atli Ingólfsson, aðjúnt í tónsmíðum og tónfræðagreinum, atliingolfs@lhi.is

Árni Heimir Ingólfsson, í tónlistarfræðum, gestaprófessor, arniheimir@lhi.is

Björk Jónsdóttir, aðjúnt í söng, bjorkjons@lhi.is

Elín Anna Ísaksdóttir, deildarfulltrúi og verkefnastjóri, elinanna@lhi.is

Guðný Guðmundsdóttir, aðjúnt í fiðluleik, gudny@lhi.is, strengjahljóðfæri

Gunnar Benediktsson, aðjúnt og fagstjóri í skapandi tónlistarmiðlun, gunnarben@lhi.is

Gunnsteinn Ólafsson, aðjúnt í tónsmíðum og tónfræðagreinum, gol@lhi.is

Helga Bryndís Magnúsdóttir, aðjúnt í meðleik, helgab@lhi.is, píanóleikur

Hildigunnur Rúnarsdóttir, aðjúnt í tónsmíðum og tónfræðagreinum, hildigunnur@lhi.is

Hróðmar I. Sigurbjörnsson, lektor og fagstjóri tónsmíða og tónsmíðagreina, hrodmar@lhi.is

Kjartan Valdimarsson, aðjúnt í meðleik/píanóleik, kjartanv@lhi.is

Kristinn Sigmundsson, í söng, gestaprófessor, kristinn@lhi.is

Kristján Karl Bragason, aðjúnt í meðleik, kristjanb@lhi.is

Martial Nardeau, aðjúnt í flautuleik, martial@lhi.is, flautuleikur

Peter Maté, aðjúnt í píanóleik og fagstjóri í Hljóðfæraleik og söng, peter@lhi.is

Richard Simm, aðjúnt í meðleik, richard@lhi.is, píanóleikur

Ríkharður H. Friðriksson, aðjúnt í tónsmíðum og tónfræðagreinum, rhf@lhi.is

Selma Guðmundsdóttir, aðjúnt í meðleik, selmag@lhi.is, píanóleikur

Sigurður Halldórsson, aðjúnkt og fagstjóri í Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf (NAIP),
sigurdurh@lhi.is

Svava Bernharðsdóttir, aðjúnkt í meðleik, svavab@lhi.is, strengjahljóðfæri

Sveinn Kjartansson, tæknistjóri, sveinnkj@lhi.is

Tryggvi M. Baldvinsson, deildarforseti, tmbald@lhi.is

Úlfar Ingi Haraldsson, aðjúnkt í tónsmíðum og tónfræðagreinum, ulfar@lhi.is

Þorbjörg Daphne Hall, lektor og fagstjóri fræða, thorbjorghall@lhi.is

Þóra Einarsdóttir, aðjúnkt í söng, thora@lhi.is, söngur

MA Í TÓNSMÍÐUM

HAUST

PBR0007TM Rannsóknarþjálfun

7 ECTS

Lýsing

Í námskeiðinu verður lögð áhersla á aðgerðatengdar rannsóknir (practice based research) og hagnýta þjálfun nemenda í rannsóknum. Námskeiðinu er ætlað að gefa nemendum tækifæri á að kynnst helstu rannsóknaraðferðum með áherslu á starfendarannsóknir og listrannsóknir sem tengjast viðfangsefnum þeirra í náminu. Nemendur munu hanna rannsóknarspurningar, velja viðeigandi aðferðir og skýra frá niðurstöðum sem byggja á raunverulegum verkefnum sem þeir fást við í náminu. Einnig hljóta nemendur þjálfun í samskiptahæfni og jafningjalærdómi þannig að þeir sjálfir verði gagnrýnendur hvors annars, með því að spyrja viðeigandi spurninga, benda á vandamál og aðstoða við lausn á þeim.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðsins eiga nemendur að

- ▶ hafa þekkingu og skilning á aðstæðum og samhengi, og geta samþætt verklega og fræðilega þætti námsins,
- ▶ búa yfir sjálfstæði í hugsun og vinnubrögðum en jafnframt geta nýtt sér þekkingu og innlegg jafninga og annarra samstarfsaðila,
- ▶ geta beitt gagnrýnni hugsun við lausn á viðfangsefnum tengdum frumkvöðlastarfi í tónlist, bæði í sköpun og miðlun,
- ▶ geta sýnt fram á rannsóknarvirkni og aukinn þekkingarforða í tengslum við viðfangsefni sín í náminu,
- ▶ geta hannað rannsóknarspurningar sem tengjast viðfangsefnum þeirra í meistaranáminu
- ▶ geta valið viðeigandi aðferðir til að kanna viðfangsefni sín,
- ▶ geta greint gögn og dregið áreiðanlegar ályktanir af þeim,
- ▶ geta miðlað rannsóknarniðurstöðum á greinargóðan hátt, hvort sem er með munnlegum eða skriflegum hætti.

Námsmat: Verkefni, ritgerð, fyrirlestur, sjálfsmat og jafningjamat.

Kennari: Berglind María Tómasdóttir

COM0111TM Tónsmíðar I

11 ECTS

Lýsing

Námskeiðið byggir á einkatímum, málstofum og fyrirlesturum. Í einkatímum er megináhersla lögð á tónsmíðarannsóknir þar sem margir möguleikar í tæknilegri og formfræðilegri uppbyggingu tónverka eru rannsakaðir og skáldlegar afleiðingar þeirra kannaðar og ræddar. Unnið verður markvisst að því að setja hljóðfærafræði og tölvutækni í samhengi við tónsmíðar.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga meistaranemar að

- ▶ hafa á valdi sínu margvíslegar aðferðir til að byggja eigið tónmál og skipuleg vinnubrögð við beitingu þeirra,
- ▶ geta lagt fram trúverðuga áætlun um uppbyggingu tónverks fyrir einleikshljóðfæri eða lítinn kammerhóp og geta kynnt hana og rökstutt,
- ▶ hafa færni til að ljúka við tónverk sem tengist rannsóknum og áhugasviði þeirra.

Námsmat: Nemandi skal ljúka við u.þ.b. tíu mínútna einleiks- eða kammerverk (2- 5 hljóðfæri) og/eða rafverk í stóru formi

Umsjón: Hróðmar I. Sigurbjörnsson

Kennarar: Páll Ragnar Pálsson, Veigar Margeirsson, Úlfar Ingi Haraldsson

CAP0104TM Tónskáld sem flytjandi I

4 ECTS

Lýsing

Námskeiðið er byggt upp sem óhefðbundið hljóðfæra- eða söngnám fyrir tónskáld. Lögð er áhersla á tækniskólun með áherslu á nýja tónlist, sjálfstæð vinnubrögð og góðan tónlistarflutning. Nemandi þjálfast í að koma fram, flytja verk fyrir framan hóp og taka tilsögn kennara og ábendingum samnemenda í masterklössum.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa náð góðri tæknilegri undirstöðu og þekkingu á hljóðfærinu,
- ▶ þekkja mismunandi stílbrigði og tengingar þeirra á milli,
- ▶ geta túlkað fyrst og fremst eigin verk fyrir viðkomandi hljóðfæri,
- ▶ hafa innsæi til að nálgast viðfangsefni tónlistar á sjálfstæðan hátt,
- ▶ hafa þróað sjálfstæð vinnubrögð og öðlast færni í flutningi og túlkun,

- ▶ geta verið sjálfsgagnrýnir,
- ▶ geta nýtt sér leiðsögn og unnið úr athugasemdum þannig að það komi að gagni í listrænni vinnu.

Námsmat: Virkni og tónleikar

Kennari: Ástríður Alda Sigurðardóttir

MUS0104TM Tónlistarfræði I

4 ETCS

Lýsing

Meistaránemi gerir rannsókn á völdu viðfangsefni með áherslu á tæknilega og hugmyndafræðilega nálgun viðkomandi tónskálds og eða tímabils. Nemar eru þjálfaðir í mismunandi aðferðafræði við greiningu tónverka og í rithætti og samningu verka í stíl tónskálds eða tímabils.

Kennslufyrirkomuag: Fyrirlestrar, vinnustofur.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemar að:

- ▶ hafa þekkingu og skilning á listrænum aðstæðum tónskálds/tímabils og aðferðum við greiningu á verkum þess,
- ▶ getað fjallað um listrænar aðstæður og mismunandi aðferðafræði við greiningu tónskálds/tímabils,
- ▶ hafa þekkingu og skilning á tónsmíðalegri aðfærafræði tónskálds/tímabils,
- ▶ getað beitt mismunandi tónlistarfræðilegum aðferðum við greiningu á verkum og aðstæðum tónskálds/tímabils,
- ▶ getað metið og og valið milli tónlistarfræðilegra aðferða og sett fram nýjar kenningar við lausn listrænna og fræðilegra viðfangsefna,
- ▶ hafa færni til að semja tónverk í stíl tónskálds/tímabils.

Námsmat: Verkefni og/eða ritgerð

Umsjón: Hróðmar I. Sigurbjörnsson

Kennari: Guðrún Ingimundardóttir

EST0104TM Raftónlistartækni I

4 ECTS

Forkröfur: Hljóðhönnun I, Hljóðhönnun II eða sambærilegt.

Lýsing

Í námskeiðinu er unnið, með hjálp kennara að því að kanna það svið sem nemi kys. Neminn vinnur sjálfstætt en kennari sér um leiðsögn og ráðgjöf. Unnið er að rannsóknum á aðferðafræði viðkomandi sviðs við tónsköpun. Kennt er í einkatímum eða hóptímum eftir aðstæðum. Meistaraneми velur úr eftirtöldum möguleikum: tónsmíðar með hjálp tölvu (algrímskar tónsmíðar), stúdíóraftónsmíðar á föstu formi, lifandi raftónlist og gagnvirkar hljóðinnsetningar.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemar að:

- ▶ hafa þekkingu og skilning á völdu sviði raftónlistartækni,
- ▶ kunna skil á mismunandi aðferðafræði í tengslum við valið svið,
- ▶ búa yfir tæknilegri færni á viðkomandi svið til tónsköpunar,
- ▶ geta lagt fram sannfærandi áætlun um notkun viðkomandi tækni til tónsmíða,
- ▶ geta fjallað um og útskýrt mismunandi aðferðafræði í tengslum við viðkomandi svið.

Námsmat: tónsmíð og/eða ritgerð

Kennari: Jesper Pedersen, Nils Mikael Lind

IN00104TM – Raddskráfræði, leiktækni og ritun I

Lýsing

Nemendur skoða valið safn verka (score study) til að fá innsýn í stíl og aðferðir sem móta tónsmíðarnar með tilliti til hljóðfæranotkunar og útsetningartækni. Fjölbreytileg leiktækni (raddtækni) er ítarlega rannsökuð í samræmi við þarfir nemenda í tengslum við þeirra helstu tónsmíðaverkefni. Ólíkar leiðir í framsetningu, ritun og frágangi nótnahandrita/raddskráa eru kannaðar með það fyrir augum að nemendur hafi góða yfirsýn yfir margvíslegar birtingarmyndir ritunar á 20. öld.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa góða þekkingu á safni verka með tilliti til stíls og aðferða er varða hljóðfæranotkun og útsetningu,
- ▶ hafa yfirgripsmikla þekkingu á leiktækni og möguleikum einstakra hljóðfæra og hljóðfærahópa,
- ▶ þekkja og hafa skilning á ólíkum (fjölbreytilegum og nýstárlegum) leiðum í framsetningu, uppsetningu raddskráa og ritun fyrir hljóðfæri og hljóðfærahópa,

- ▶ hafa nauðsynlega kunnáttu til að geta gengið frá tölvusettri raddskrá á kunnáttusamlegan hátt samkvæmt atvinnustöðlum í tengslum við eigin verkefni.

Kennslufyrirkomulag: Fyrirlestrar, vinnustofur.

Námsmat: Verkefni og ritgerð.

Kennari: Úlfar I. Haraldsson

ISA0104TM Þvert á listgreinar I

4 ECTS

Lýsing

Meistaraneми gerir rannsókn á listrænu ferli og aðferðum tónsköpunar í tengslum við þá listgrein sem sérvið hans nær til. Farið er í sögu viðkomandi listgreinar með ítarlegri greiningu á dæmum um störf tónskálda í viðkomandi listgrein. Nemendur reyna sig í verkefnum til að kynnstakmörkunum og möguleikum tónsköpunar í þverfaglegum verkefnum af þessum toga.

Meistaraneми velur eitt eftirtalinna: Kvikmyndatónsmíðar – leikhústónlist – tónsmíðar og dans – tónsmíðar og myndlist – tónsmíðar og bókmenntir

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemar að hafa tileinkað sér eftirfarandi innan viðkomandi listgreinar:

- ▶ samstarfssögu tónskálda við listamenn,
- ▶ listrænt ferli og aðferðir tónskálda,
- ▶ hafa skilning á og geta brugðist við listrænum áskorunum í tónsköpun innan greinarinnar,
- ▶ hafa kunnáttu og getu til að starfa sem tónskáld innan viðkomandi listgreinar með tilliti til aðferða og mismunandi tjáningarforma,
- ▶ hafa faglega meðvitund og skilning á samstarfsaðferðum milli listgreina.

Kennslulag: Fyrirlestrar, vinnustofur.

Námsmat: Verkefni og/eða ritgerð.

Kennarar: Einar Sv. Tryggvason, Veigar Margeirsson

RIM1104TM Rannsóknir á íslenski tónlist

4 ECTS

Tungumál: Enska

Forkröfur: Tónfræði IV eða sambærilegt

Lýsing

Farið er yfir rannsóknir á íslenski tónlist undanfarinna ára. Tónskáld og fræðimenn kynna rannsóknir sínar með tilliti til tónsmíðalegra þátta, hugmyndafræði viðkomandi tónskálda og tengsla þeirra við flytjendur og samfélag á hverjum tíma. Nemendur velja sér efni til umfjöllunar og beita viðeigandi rannsóknaraðferðum.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa góða yfirsýn yfir rannsóknir á íslenski tónlist,
- ▶ þekkja vel til þeirrar tónlistar og tónskálda sem til umfjöllunar eru,
- ▶ kunna skil á helstu rannsóknaraðferðum,
- ▶ geta beitt mismunandi rannsóknaraðferðum til greiningar á tónlist,
- ▶ geta skilað greinargóðri greiningu og umfjöllun um íslenskt tónverk og/eða tónskáld.

Kennsluhættir: Fyrirlestrar, vinnustofur.

Námsmat: Mæting og ástundun, verkefni, lokaverkefni.

Umsjón: Þorbjörg Daphne Hall

Kennarar: Árni Heimir Ingólfsson, Hróðmar I. Sigurbjörnsson, Þorbjörg Daphne Hall

MHV10002DE Dealing I

2 ECTS

Kennt á ensku

Description

Dealing is a cross-disciplinary seminar that takes on the space of creativity from a wide perspective. It intertwines artistic practice and theory by addressing a chosen topic of concern, which is then discussed and explored in a broad context. The subject matter must be a relevant and complex issue in contemporary society and be of concern for art and design students. Visiting lecturers contribute to the program with short talks and introductions of a specific focus, which will be discussed in student led seminars.

Learning outcomes

At the end of the course, students should:

- ▶ have obtained an comprehensive view of the historical and conceptual trajectory of the seminars subject matter,

- ▶ have enhanced their critical awareness and be able to utilize critical discussion in creative work,
- ▶ be able to situate themselves as students within a broader socio-political context of the subject matter and be able to articulate verbally and in written form their own critical understanding and view on the subject,
- ▶ be able to apply their imagination and creativity to the subject matter and ask relevant questions,
- ▶ be able to contribute to and lead cross-disciplinary discussions.

Assessment: Attendance, participation, journal writings and final presentation; a practical output as a reaction to and reflection on the seminars' subject focus.

Supervisors: Hulda Stefánsdóttir and Dóra Ísleifsdóttir

VOR 2016

CAPO204TM Tónskáld sem flytjandi II

4 ECTS

Lýsing

Námskeiðið er byggt upp sem óhefðbundið hljóðfæra- eða söngnám fyrir tónskáld. Lögð er áhersla á tækniskólun með áherslu á nýja tónlist, sjálfstæð vinnubrögð og góðan tónlistarflutning. Nemandi þjálfast í að koma fram, flytja verk fyrir framan hóp og taka tilsögn kennara og ábendingum samnemenda í masterklössum.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa náð góðri tæknilegri undirstöðu og þekkingu á hljóðfærinu,
- ▶ þekkja mismunandi stílbrigði og tengingar þeirra á milli,
- ▶ geta túlkað fyrst og fremst eigin verk fyrir viðkomandi hljóðfæri,
- ▶ hafa innsæi til að nálgast viðfangsefni tónlistar á sjálfstæðan hátt,
- ▶ hafa þróað sjálfstæð vinnubrögð og öðlast færni í flutningi og túlkun,
- ▶ geta verið sjálfs gagnrýnir,
- ▶ geta nýtt sér leiðsögn og unnið úr athugasemdum þannig að það komi að gagni í listrænni vinnu.

Námsmat: Virkni og tónleikar

Kennari: Ástríður Alda Sigurðardóttir

MUS0205TM Tónlistarfræði II

5 ETCS

Forkröfur: Tónlistarfræði I

Lýsing

Meistaraneini gerir rannsókn á völu viðfangsefni með áherslu á tæknilega og hugmyndafræðilega nálgun viðkomandi tónskálds og eða tímabils. Nemar eru þjálfaðir í mismunandi aðferðafræði við greiningu tónverka og/eða í rithætti og samningu verka í stíl tónskálds eða tímabils. aðferðir tónsköpunar í tengslum.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemar að:

- ▶ hafa yfirgripsmikla þekkingu og skilning á listrænum aðstæðum tónskálds/tímabils og aðferðum við greiningu á verkum þess,
- ▶ getað fjallað um og útskýrt fyrir lærdum sem leikum listrænar aðstæður og mismunandi aðferðafræði við greiningu tónskálds/tímabils ,
- ▶ hafa djúpa þekkingu og skilning á tónsmíðalegri aðfærafræði tónskálds/tímabils ,
- ▶ getað beitt mismunandi tónlistarfræðilegum aðferðum við greiningu á verkum og aðstæðum tónskálds/tímabils,
- ▶ getað metið og og valið milli tónlistarfræðilegra aðferða og sett fram nýjar kenningar við lausn listrænna og fræðilegra viðfangsefna,
- ▶ hafa færni til að semja tónverk í stíl tónskálds/tímabils,
- ▶ hafa færni til að ráða fram úr flóknum og ófyrirsjáanlegum aðstæðum við lausn listrænna og fræðilegra viðfangsefna,
- ▶ vera færir um að bera ábyrgð á sérhæfingu og þróun eigin náms.

Kennslulag: Fyrirlestrar, vinnustofur.

Námsmat: Verkefni og/eða ritgerð.

Umsjón: Hróðmar I. Sigurbjörnsson

Kennarar: Ýmsir

COM0113TM Tónsmíðar II

13 ECTS

Lýsing

Námskeiðið byggir á einkatímum, málstofum og fyrirlestrum. Í einkatímum vinnur nemandinn markvisst að því að þróa eigin tónsmíðamál og tækni og rannsaka til fulls tónsmíðalegar afleiðingar þess sem hann kynnist í hljóðfærafræði- og/eða raftækninámskeiðum. Hluti námskeiðsins er frágangur og æfingaferli á nýju verki nemandans fyrir kammerhóp og/eða rafrás.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðsins eiga meistaranemar að

- ▶ hafa öðlast færni í markvissri uppbyggingu tónverka á tónmáli sem þeir þróa sjálfir og tæknilega færni til að uppfylla forsendur verksins,
- ▶ geta tekist á við vinnuferli sem tengist æfingum og flutningi eigin tónverks,
- ▶ getað unnið kynningu og skýringu verksins með yfirgripsmikilli heimildavinnu,
- ▶ getað miðlað kynningu og skýringu á eigin tónverki í ræðu og riti.

Námsmat: Nemandi skal ljúka við tíu mínútna verk fyrir kammerhóp (6 til 9 hljóðfæri) og/eða rafverk í stóru formi

Umsjón: Hróðmar I. Sigurbjörnsson

Kennarar: Páll Ragnar Pálsson, Veigar Margeirsson, Úlfar Ingi Haraldsson o. fl.

EST0204TM Raftónlistartækni II

4 ECTS

Forkröfur: Raftónlist I.

Lýsing

Í námskeiðinu er unnið, með hjálp kennara að því að dýpka og víkka út þá þekkingu og tæknilega færni sem nemi tileinkaði sér í raftónlistartækni I. Nemi vinnur sjálfstætt en kennari sér um leiðsögn og ráðgjöf. Unnið er að rannsóknnum á aðferðafræði viðkomandi sviðs við tónsköpun ennfremur eru lagðar stöðir undir fræðilega umfjöllun og miðlun nema á viðkomandi sviði. Kennt er í einkatímum eða hóptímum eftir aðstæðum.

Námskeiðið er framhald raftónlistartækni I og er ætlast til að meistaranemi sérhæfi sig enn frekar í völdu sviði sem er eitt eftirtalinna: tónsmíðar með hjálp tölvu (algrímskar tónsmíðar), stúdíoraftónsmíðar á föstu formi, lifandi raftónlist og gagnvirkar hljóðinnsetningar.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemar að:

- ▶ búa yfir yfirgripsmikilli þekkingu og skilningi á völdu sviði raftónlistartækni,
- ▶ kunna skil á mismunandi aðferðafræði í tengslum við valið svið,

- ▶ hafa á valdi sínu tæknilega færni á viðkomandi svið til tónsköpunar,
- ▶ getað miðlað tæknilegri kunnáttu sinni á viðfangsefninu,
- ▶ geta lagt fram sannfærandi áætlun um notkun viðkomandi tækni til tónsmíða og kynnt hana og rökstutt,
- ▶ geta fjallað um og útskýrt mismunandi aðferðafræði tengt viðfangsefninu í ræðu og riti.

Námsmat: tónsmíð og/eða ritgerð

Kennarar: Jesper Pedersen, Nils Mikael Lind, Ríkharður H. Friðriksson

INO0204TM – Raddskráfræði, leiktækni og ritun II

Lýsing

Rannsókn á möguleikum og framsæknum nýjungum í leiktækni, (þróun hugbúnaðar hljóðfæra) hljóðblöndun og ritun fyrir stærri hljóðfærahópa og hljómsveitir.

Margvísleg framsækin leiktækni (extended techniques) í hljóðfæraleik er skoðuð í tengslum við fjölbreytilegar leiðir í ritaðri útfærslu tónskálda á 20.öld. Gerð er ítarleg könnun á skapandi möguleikum í hljóðblöndun einstakra hljóðfæra og hljóðfærahópa með hliðsjón af mikilvægum verkum tónbókmenntanna. Skoðuð er þróun hugbúnaðar hljóðbanka og nýttir möguleikar slíkra safna/banka fyrir nánari rannsókn á ýmiskonar framsækinni tækni og hljóðblöndun.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja og hafa öðlast ítarlega yfirsýn yfir margbreytilega óhefðbundna leiktækni á 20.öld,
- ▶ hafa þekkingu á fjölbreyttri ritun í tengslum við óhefðbundna leiktækni,
- ▶ hafa skoðað og rannsakað fjölbreyttar (óvenjulegar) leiðir í hljóðblöndun milli einstakra hljóðfæra og hljóðfærahópa,
- ▶ hafa tæknilega getu til að nýta sér tölvutækni, upptökur og hugbúnaðar hljóðbanka til frekari rannsóknar á eðli hljóðfæra og möguleika í hljóðblöndun hljóðfæra og hljóðfærahópa.

Kennslulag: Fyrirlestrar, vinnustofur.

Námsmat: Verkefni og ritgerð.

Kennari: Úlfar Ingi Haraldsson

ISA0204TM Þvert á listgreinar II

4 ECTS

Lýsing

Framhald Þvert á listgreinar I í samræmi við áherslu- og sérsvið nemanda (eitt eftirtalinna námskeiða: Kvikmyndatónsmíðar – leikhústónlist – tónsmíðar og dans – tónsmíðar og myndlist – tónsmíðar og bókmenntir). Neminn gerir ítarlega rannsókn og úttekt á listrænu ferli og aðferðum tónsköpunar á tveimur ólíkum verkefnum sem lúta að sérsviði hans., hann skipuleggur einnig þverfaglegt samstarfsverkefni . Nemendur reyna sig í verkefnum með það að leiðarljósi að kynnast takmörkunum og möguleikum tónsköpunar í þverfaglegum verkefnum af þessum toga.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs á meistaranemi að:

- ▶ hafa yfirgripsmikla þekkingu á listrænu ferli og aðferðum tónskálda í tveimur ólíkum verkefnum innan viðkomandi listgreinar,
- ▶ geta miðlað, á faglegum forsendum, aðferðum og listrænu ferli tónskálda við þverfagleg verkefni,
- ▶ getað stýrt flóknum samvinnuverkefnum og brugðist við óvæntum og ófyrirsjáanlegum aðstæðum,
- ▶ geta haft frumkvæði að, komið i framkvæmd og axlað ábyrgð á flóknum samstarfsverkefnum,
- ▶ hafa faglega meðvitund og skilning á ólíkum samstarfsaðferðum listgreina,
- ▶ getað tekið sjálfstæða ábyrgð á eigin þróun og sérhæfingu í listrænu starfi.

Kennslulag: Fyrirlestrar, vinnustofur

Námsmat: Verkefni og/eða ritgerð

Umsjón: Hróðmar I. Sigurbjörnsson

Kennarar: Ýmsir

M.MUS Í SKÖPUN, MIÐLUN OG FRUMKVÖÐLASTARF (NAIP – New Audiences and Innovative Practice)

HAUST

SUM0002TM IP Introductory course

2 ECTS

Lýsing

Nemendur allra NAIP samstarfsskólanna hittast í 10 daga í einhverju samstarfslandanna. Þeir frá grunnreynslu í aðferðafræði NAIP námsins í tónsköpun, flutningi, samvinnu, tengslum við samfélagið/áheyrendur, þemavinnu í hóp og stöðugu endurmati, og njóta til þess leiðsagnar fjölbreytts hóps kennara úr öllum samstarfsskólunum. Nemendur og kennarar mynda tengslanet sem endist út námstímann eða lengur ef því er að skipta, eftir að nemendur og kennarar fara hver í sinn heimaskóla.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa kynnst og unnið með helstu viðfangsefni, markmið og aðferðir í NAIP – meistaranámi í sköpun, miðlun og frumkvöðlastarfi,
- ▶ hafa myndað sterk tengsl við samnemendur og kennara úr öllum samstarfsskólunum með hugsanlegt frekara samstarf í huga,
- ▶ hafa lagt grunn að starfendarannsóknardagbók,
- ▶ hafa kynnst sínum aðalmentor og lagt grunn að vinnulagi og markmiðum í sínu eigin námi.

Námsmat: Reglulegar umræður í hópnum og samtal við mentor og samnemendur og að lokum sérstakur umræðutími á síðasta degi þar sem jafningjamat fer fram.

Umsjón: Sigurður Halldórsson

Kennarar: Renee Jonker, Guy Wood, Marc van Roon, Philip Curtis, Krista Pyykönen o.fl.

LAG0007TM Leading and guiding

7 ECTS

Lýsing

Námskeiðið skiptist í fjóra áherslupunkta. 1) Vinna með rödd, líkama og ásláttarhljóðfæri; samhæfing og samskipti. 2) Spuni í hóp; að þróa eigin rödd innan hópsins og byggja á hugmyndum hinna í hópnum. 3) Tónsmíðar í samvinnu; samvinna við myndun og mótun hugmynda. 4) Leiðtogasálfræði; mismunandi fletir á leiðsögn og að fá hóp til að vinna að sameiginlegri sköpun. Að vera í senn leiðandi og fylgjandi. Auk þess er snar þáttur námskeiðisins

vettvangsvinna, verkefni sem fela í sér vinnu með hópum sem hafa fjölbreytilegan bakgrunn, bæði í tónlist og á öðrum sviðum. Það getur t.d. verið fagfólk í ólíkum listgreinum eða vinna við tónlistarsköpun með hópi einstaklinga með takmarkaða reynslu eða forsendur.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- ▶ hafa skilning og getu til að skapa og túlka sína listrænu sýn af öryggi, fyrir vana eða óvana áheyrendur, sem flytjandi, tónskáld eða leiðbeinandi/leiðtogi,
- ▶ hafa hæfni til að skapa og vinna með nýtt tónlistarefni sem er sprottið úr fjölbreytilegum tilgangi og aðstæðum með innblæstri frá þátttakendum,
- ▶ geta spunnið af öryggi og brugðist við aðstæðum og samhengi tónlistarinnar á þann hátt sem hæfir hverju sinni,
- ▶ geta verið hvort sem er leiðandi og fylgjandi í samleik og hafa getu til að vinna samleiksverk-efni af öryggi,
- ▶ geta skapað jákvætt og öruggt andrúmsloft og stutt við sjálfstraust þátttakenda í hópinnu við krefjandi aðstæður,
- ▶ geta tekið virkan þátt í skapandi tónlistarsmiðjum eða annari tónlistariðkun á áhrifaríkan hátt við alls kyns aðstæður,
- ▶ geta gripið til og nýtt viðeigandi skapandi smiðjutækni í samskiptum við ákveðna hópa áhorfenda sem og þátttakenda,
- ▶ hafa tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð og geta nýtt sér þekkingu sína við flókna og umfangsmikla verkefnavinnu,
- ▶ vera færir um að meta mismunandi aðstæður og næmir á getu og hæfni einstaklinga í hópum með ólíkan bakgrunn.

Námsmat: Opinber flutningur og sjálfs- og jafningjamat.

Umsjón: Sigurður Halldórsson.

Kennarar: Gunnar Ben, Guy Wood, Sigrún Sævarsdóttir Griffiths.

MEN1003TM Mentor

2/3 ECTS

Lýsing

Mentor fyrir NAIP námið byggist á hóp- og einstaklingstímum þar sem fjallað er um námsleið, áherslur og áform nemandans með það fyrir augum að skýra og skerpa þessa þætti með gagnrýnum og uppbyggilegum hætti. Á haustnámskeiðinu í upphafi námsins hittast allir nemendurnir í öllum samstarfsskólunum, ásamt mentorunum, og grunnur er lagður að sameiginlegum skilningi á mentorakerfinu, persónulegar leiðir nemenda eru markaðar og drög lögð að vinnu nemendanna yfir allan námstímann. Mentor á að styðja við og skerpa vinnu nemandans gegnum allt námið, bæði hvað varðar rannsóknir og framkvæmd verkefna og viðburða, og virkjar einnig nemendahópinn og aðra kennara til að vera virka þátttakendur

og „sam-mentora“ í starfi hvors annars. Nemendur halda dagbók sem verður efniviður í starfendarannsókn gegnum námið.

Hæfniviðið

Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- ▶ hafa þekkingu og skilning á aðstæðum og samhengi, og geta samþætt verklega og fræðilega þætti námsins,
- ▶ búa yfir sjálfstæði í hugsun og vinnubrögðum en jafnframt geta nýtt sér þekkingu og innlegg jafninga og annarra samstarfsaðila,
- ▶ vera meðvitaðir um listræna og persónulega styrkleika og veikleika og vera færir um að veita stuðning og taka við stuðningi,
- ▶ geta tekið upplýstar ákvarðanir byggðar á sjálfsgagnrýni og stöðugu endurmati, og þróað þekkingu sína, bæði sem persóna og fagmanneskja.

Námsmat: Sjálfsmat, jafningjamat byggt á samtali og dagbók.

Umsjón: Sigurður Halldórsson

PAC0105 TM Performance and communication

7 ECTS

Lýsing

Námskeiðið skiptist í þrjá hluta: Fyrsti hlutinn er röð hóptíma og fyrirlestra þar sem kynntar eru ýmsar leiðir við að kynna tónlist á þann hátt sem vekur áhuga og forvitni. Nemendur vinna með nýjar hugmyndir, t.d. með því að halda erindi og flytja tónlist þar sem bæði eigið repertoire og spuni eru viðfangsefni. Einnig er unnið með æfingar sem hjálpa nemendum við að koma listrænum efnivið sínum fram á skýran og sannfærandi hátt með líkamstjáningu jafnt sem munnlega og í tónum. Þá eru ýmsar leiðir kannaðar til að þróa ýmis hópverkefni með fjölbreytilegum samfélagshópum út frá tilteknum tónverkum, tónlistarstefnu eða stíl.

Annar hlutinn er vinna á vettvangi, tónlistarflutningur og/eða kynning í óhefðbundnu umhverfi sem nemendur stýra og framkvæma sjálfir.

Þriðji hlutinn er námsmat sem fer fram í hópnum þar sem bæði kennarar og samnemendur leggja mat á námið.

Hæfniviðið

Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- ▶ hafa skilning á og getu til að koma sinni listrænu sannfæringu til skila á sannfærandi hátt fyrir reynda jafnt sem óreynda áhorfendur, sem öflugur flytjandi, tónskáld og/eða leiðbeinandi,
- ▶ hafa hæfni til að skapa og vinna með nýtt tónlistarefni sem er sprottið úr fjölbreytilegum tilgangi og aðstæðum með innblæstri frá þátttakendum,

- ▶ geta af öryggi gert tónlistarlegum hugmyndum sínum greinileg skil á ýmiskonar vettvangi fyrir ólíka áhorfendahópa og notast við margbreytilegan tónlistarlegan efnivið,
- ▶ geta spunnið af öryggi og brugðist við aðstæðum og samhengi tónlistarinnar á þann hátt sem hæfir hverju sinni,
- ▶ geta tekið að sér hlutverk meðleikara / undirleikara í samleik,
- ▶ geta tekið að sér leiðandi hlutverk í samleik,
- ▶ hafa reynslu í samskiptum og félagslega færni til að stofna til samstarfs um alls kyns verkefni, samlagast einstaklingum og hópum við hvers kyns menningarlegar aðstæður og vera fær um að skýra úr flókið efni á aðgengilegan hátt í rituðu og mæltu máli.

Námsmat: Opinber flutningur, jafningja- og sjálfsmat.

Umsjón: Sigurður Halldórsson

Kennarar: Berglind María Tómasdóttir o. fl.

PB0007TM Practice based reasearch

7 ECTS

Lýsing

Í námskeiðinu verður lögð áhersla á aðgerðatengdar rannsóknir (practice based research) og hagnýta þjálfun nemenda í rannsóknum. Námskeiðinu er ætlað að gefa nemendum tækifæri á að kynnst helstu rannsóknaraðferðum með áherslu á starfendarannsóknir og listrannsóknir sem tengjast viðfangsefnum þeirra í náminu. Nemendur munu hanna rannsóknarspurningar, velja viðeigandi aðferðir og skýra frá niðurstöðum sem byggja á raunverulegum verkefnum sem þeir fást við í náminu. Einnig hljóta nemendur þjálfun í samskiptahæfni og jafningjalærdómi þannig að þeir sjálfir verði gagnrýnendur hvors annars, með því að spyrja viðeigandi spurninga, benda á vandamál og aðstoða við lausn á þeim.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- ▶ hafa þekkingu og skilning á aðstæðum og samhengi, og geta samþætt verklega og fræðilega þætti námsins,
- ▶ búa yfir sjálfstæði í hugsun og vinnubrögðum en jafnframt geta nýtt sér þekkingu og innlegg jafninga og annarra samstarfsaðila,
- ▶ geta beitt gagnrýnni hugsun við lausn á viðfangsefnum tengdum frumkvölastarfi í tónlist, bæði í sköpun og miðlun,
- ▶ geta sýnt fram á rannsóknarvirkni og aukinn þekkingarforða í tengslum við viðfangsefni sín í náminu,
- ▶ geta hannað rannsóknarspurningar sem tengjast viðfangsefnum þeirra í meistaranáminu,
- ▶ geta valið viðeigandi aðferðir til að kanna viðfangsefni sín,
- ▶ geta greint gögn og dregið áreiðanlegar ályktanir af þeim,

- ▶ geta miðlað rannsóknarniðurstöðum á greinargóðan hátt, hvort sem er með munnlegum eða skriflegum hætti.

Námsmat: Verkefni, ritgerð, fyrirlestur, sjálfsmat og jafningjamat.

Umsjón: Berglind María Tómasdóttir

PBR0007TM Verkefnastjórnun

6 ECTS

Lýsing

Á námskeiðinu skipuleggja nemendur sjálfstæð verkefni í tengslum við atvinnulífið. Farið er yfir aðferðir við þróun, skipulagningu og stjórnun nýrra listviðburða og rýnt í áætlanagerð, fjáröflun, áhættumat, markmiðasetningu, kynningarmál, tengslanet, framkvæmd og matsaðferðir. Nemendur vinna að eigin verkefni sem einstaklingar eða í hópum.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja til skipulagningar, stjórnunar og kynningar á listviðburðum og hafa öðlast færni í slíkri vinnu,
- ▶ þekkja möguleika og aðferðir við markaðssetningu á listviðburðum,
- ▶ geta sett hugmyndir sínar skilmerkilega fram í samræmi við tilgang og markmið og geta lagt mat á styrkleika þeirra og veikleika,
- ▶ kunna skil á matsaðferðum til að geta lagt heildarlegt og sanngjarnt mat á viðburði að þeim loknum, og jafnframt stutt það fjölbreyttum rökum út frá ólíkum sjónarhornum,
- ▶ gera sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum sem verkefnastjórar og hvernig nýta má nýta sér styrkleikana og bæta upp veikleikana,
- ▶ geta sýnt frumleika í þróun og nýtingu hugmynda í kennslu og listmiðlun, geta átt frumkvæði að verkefnum í kennslu í listgreinum, stýrt þeim verkefnum og
- ▶ axlað ábyrgð á vinnu einstaklinga og hópa,
- ▶ hafa hæfni til að leiða ólíka hópa í listrænum verkefnum og geta haft frumkvæði að samtali milli ólíkra listgreina.

Námsmat: Þátttaka, virkni og verkefnaskil.

Námskeiðið er kennt í Listkennsludeild

HLJ0001TM Hljóðfæri/söngur

2/4 ECTS

Lýsing

Námskeiðið er byggt upp sem hefðbundið hljóðfæranám. Kennari velur fjölbreytt verkefni sem hæfa nemanda. Lögð er áhersla á tækniskólun, innsæi og þekkingu á tónlistarstílum, sjálfstæð vinnubrögð og góðan tónlistarflutning. Nemandi þjálfast í að koma fram, flytja verk fyrir framan hóp og taka tilsögn kennara og ábendingum samnemenda í masterklössum.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa dýpkað þekkingu sína, færni og leikni í faginu,
- ▶ hafa bætt túlkunarhæfni út frá mismunandi tónlistarstílum tónbókmennta viðkomandi hljóðfæris,
- ▶ hafa innsæi til að nálgast viðfangsefni tónlistar á sjálfstæðan og einstaklingsbundinn hátt,
- ▶ geta unnið sjálfstætt á viðkomandi hljóðfæri, viðhaldið og aukið tækni og öðlast færni í flutningi og túlkun,
- ▶ geta nýtt sér leiðsögn og unnið úr athugasemdum á gagnrýninn hátt þannig að það komi að gagni í listrænni vinnu
- ▶ hafa dýpkað þekkingu sína á tónbókmenntum viðkomandi hljóðfæris og ýmsum kennslu- aðferðum.

Námsmat: Virkni, verkefni og tónleikar.

Kennarar: Ýmsir

RST0002MK Rödd – spuni – tjáning

2 ECTS

Lýsing

Nemendur fá kennslu í raddbeitingu og framsögn þar sem tengsl öndunar, líkama og raddar eru könnuð með öndunaræfingum, textavinnu og spuna. Aðferðir leiklistarinnar eru notaðar til að styrkja nemandann sem fyrirlesara og kennara.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- ▶ þekkja og vera meðvitaðir um veikleika og styrk sinnar eigin radar,
- ▶ kunna og geta nýtt sér þær öndunar- og raddæfingar sem farið er í á önninni,
- ▶ þekkja undirstöðuatriði raddverndar og hafa færni til að stunda áframhaldandi radd- þjálfun

- ▶ kunna skil á undirstöðuatriðum þess að koma fram fyrir fólk bæði í kennslu og fyrirlesturum,
- ▶ gera sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum í framkomu sem fyrirlesarar/kennarar og hvernig nýta má styrk sinn og bæta upp veikleika.

Námsmat: Verkefni, þátttaka og virkni.

Kennari: Þórey Sigþórsdóttir – Námskeiðið er kennt í Listkennsludeild

SON0004TM Sounds of nature

4 ECTS

Lýsing

Námskeiðið fer fram að hluta í Reykjavík og að hluta utan höfuðborgarsvæðisins, eða við aðstæður þar sem þeir hafa greiðan aðgang að óspilltri náttúru, upplifa, hljóðrita og/eða safna hljóðum eða tónefni og vinna úr því tónverk, annað hvort raftónverk, hljóðfæra/söngverk eða blöndu af því tvennu. Í lok námskeiðsins skulu verkin vera æfð (ef það á við) og flutt á tónleikum eða send út á vef LHÍ.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að hafa:

- ▶ Hlotið reynslu og tamið sér sjálfstæð vinnubrögð við öflun og úrvinnslu á hljóðum, svo sem náttúruhljóðum, og unnið úr því fullklárað tónverk með hvers konar tónsmíðaaðferðum, eða unnið tónverk innblásið af náttúruhljóðum eða upplifun

Námsmat: Verkefni og tónleikar.

Kennari: Marie Guilleray

VOR

BMC 0004TM Blended mobility course improvisation

4 ECTS

Lýsing

Nemendur frá samstarfsskólunum hittast á einum stað. Þar kynnast nemendur ólíkum aðferðum við spuna. Nemendur sækja tíma hjá spunakennurum í fremstu röð ásamt því að taka þátt í spuna í hóp með nemendum með ólíkan bakgrunn. Þar næst fara nemendur hver til síns heimaskóla og námskeiðið heldur áfram með aðstoð fjarkennslu og vinnustofum „á netinu“. Nemendur á námskeiðinu eiga auk þess að standa fyrir spunavinnustofum í sínum skóla undir leiðsögn kennara í heimaskólunum.

Námskeiðið miðar að því að þjálfra eftirtalin atriði:

- ▶ Færni í radd- og hljóðfæraspuna út frá ólíkum aðferðum (tónal, módal, atónal og frjálsum spuna),
- ▶ færni í spontant samspili þar sem jafnóðum er hugað að hljómrænum, hrynlægum og lagrænum þáttum,
- ▶ að nota þekkt repertoire eða stílbrigði frá ólíkum tímum tónlistarsögunnar sem útgangspunkt í að semja, spinna eða útsetja í rauntíma,
- ▶ samband nemenda við hljóðfæri sitt eða rödd og vald þeirra yfir útvíkkaðri tækni (extended technique),
- ▶ notkun hljóðfærisins í að þróa tóneyrað,
- ▶ að þróa færni í einleiksspuna með ríkulegum andstæðum í tjáningu og túlkun.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- ▶ hafa skilning á og getu til að skapa og túlka sína listrænu sannfæringu á ótvíræðan hátt fyrir reynda jafnt sem óreynda áhorfendur,
- ▶ sýna fram á verulega hæfni til að skapa og þróa eigið tónlistarefni útfrá innblæstri frá fólki, aðstæðum og tilgangi,
- ▶ geta endurskapað og umbreytt tónlist og nota til þess reynslu af tónlist á sínu sviði sem og margskonar öðrum tónlistarstílum og tegundum,
- ▶ geta gert tónlistarlegum hugmyndum sínum greinileg skil á liðugan og næman hátt, af öryggi, á ýmiskonar vettvangi fyrir ólíka áhorfendahópa sem og að notast við margbreytilegan tónlistarlegan efnivið,
- ▶ geta spunnið af liðugleik og brugðist við aðstæðum og samhengi á viðeigandi hátt,
- ▶ geta tekið að sér hlutverk meðleikara / undirleikara í samleik.
- ▶ geta tekið að sér leiðandi hlutverk í samleik,
- ▶ hafa reynslu í samskiptum og vera fær um að stofna til samstarfs með öðrum í alls kyns samstarfsverkefnum, samlagast öðrum við hvers kyns menningarlegar aðstæður, bera fram flókið efni á aðgengilegan hátt og geta brugðist við og átt samskipti við margskonar hópa áhorfenda.

Námsmat: Opinber kynning og lifandi flutningur með netstreymi.

Umsjón: Sigurður Halldórsson

HLJ0001TM Hljóðfæri / söngur

2/4 ECTS

Lýsing

Námskeiðið er byggt upp sem hefðbundið hljóðfæranám. Kennari velur fjölbreytt verkefni sem hæfa nemanda. Lögð er áhersla á tækniskólun, innsæi og þekkingu á tónlistarstílum, sjálfstæð vinnubrögð og góðan tónlistarflutning. Nemandi fljálfast í að koma fram, flytja verk fyrir framan hóp og taka tilsögn kennara og ábendingum samnemenda í masterklössum.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa dýpkað þekkingu sína, færni og leikni í faginu,
- ▶ hafa bætt túlkunarhæfni út frá mismunandi tónlistarstílum tónbókmennta viðkomandi hljóðfæris,
- ▶ hafa innsæi til að nálgast viðfangsefni tónlistar á sjálfstæðan og einstaklingsbundinn hátt,
- ▶ geta unnið sjálfstætt á viðkomandi hljóðfæri, viðhaldið og aukið tækni og öðlast færni í flutningi og túlkun,
- ▶ geta nýtt sér leiðsögn og unnið úr athugasemdum á gagnrýninn hátt þannig að það komi að gagni í listrænni vinnu,
- ▶ hafa dýpkað þekkingu sína á tónbókmenntum viðkomandi hljóðfæris og ýmsum kennslu- aðferðum.

Námsmat: Virkni, verkefni og tónleikar.

Kennarar: Ýmsir

LOK00JTM Lokaverkefni

30 ECTS

Lýsing

Lokaverkefnið (PIP) felst í að nemandin framkvæmir einn stóran eða tvo til þrjá minni opinbera viðburði, þar sem tengjast saman ólíkir heimar sem sýna framá virkni og hugmyndaflug í sköpun og miðlun hennar til nýrra áheyrenda. Verkefnið skal vera unnið í samvinnu við aðila eða stofnanir í atvinnulífi eða samfélagi. Það getur verið byggt á hugmyndum sem nemandinn leggur fram í umsókn sinni um inngöngu í námið og/eda þróað með stuðningi skyldu- og valfögum sem nemandinn sækir gegnum námið.

Þáttur í því að nemandi ljúki meistaranámi er að allar rannsóknir, áætlanir, lýsingar, hugleiðingar og greinagerðir um vettvangsverkefni frá upphafi námsins séu skráðar í möppu eða „portfolio“ og mat er lagt á vinnu nemandans í nokkurs konar framsögn eða fyrirlestur („Viva assessment“). Mappan á að innihalda hljóðritanir, myndbandsupptökur, texta og hvað svo sem nemandinn vill nýta sér til að sýna vinnu sína. Í áföngunum Starfendarannsóknir (Action

Research) og Verkefnastjórnun og frumkvöðlastarf (Project Management and Entrepreneurship) hafa nemendur þegar mótað áætlanir um helstu verklegu og rannsóknartengdu þætti sem nýtast munu við framkvæmd lokaverkefnis þeirra. Í henni skal m.a. koma fram skýr listræn sýn, áform um samfélagslega tengingu, almenna þátttöku, nýja aðferðafræði eða nýja nálgun í sköpun og miðlun ásamt fjárhags- og verkáætlun.

Til þess að ljúka áfanganum skulu nemendur:

- ▶ skrifa greinagerð um verkefnið og aðdraganda þess ásamt því að greina frá spurningum, framkvæmd og niðurstöðum rannsóknarinnar sem tengdist lokaverkefninu og aðdraganda þess,
- ▶ afhenda möppu (portfolio) sem inniheldur gögn um faglega og persónulega þróun ásamt helstu niðurstöðum og afrakstri úr öllum skyldu- og valnámskeiðum á námstímanum,
- ▶ framkvæma viðburð, tónleika, sýningu og/eða sýna sköpun fyrir hóp áhorfenda í hvaða formi sem er,
- ▶ ræða/verja lokaverkefnið sitt fyrir dómnefnd (viva voce).

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ geta sett fram listræna hugmynd, þróað hana og skilað af sér í heildstæðu verki eða verkefni á sannfærandi máta sem öflugur höfundur, flytjandi og/eða stjórnandi á fjölbreytilegum, opinberum vettvangi fyrir jafnt sérfræðinga sem óreyndra áheyrendur,
- ▶ geta leitt eða stjórnað flutningi annara samhliða eigin tónlistarflutningi.
- ▶ geta átt frumkvæði að samstarfsverkefnum innan listageirans og við fjölbreytilegar samfélagsaðstæður,
- ▶ búa yfir hæfni til að skipuleggja samstarfsverkefni og stýra þeim af ábyrgð,
- ▶ hafa sjálfstæði og samskiptahæfni til að taka virkan þátt í samstarfi við fjölbreytilegar menningarlegar aðstæður,
- ▶ geta sett fram og lýst margbrotnum listrænum og fræðilegum málefnum sinnar sérgreinar á aðgengilegan hátt og geti staðið fyrir máli sínu, jafnt munnlega og skriflega á a.m.k. tveimur tungumálum,
- ▶ geti samþætt hæfni sína í verkefnastjórnun, skapandi hugsun, listrænan skilning og almenna þekkingu á skipulegan hátt við að stýra verkefnum sem geta verið fjölmenn og flókin, unnin við óþekktar eða óvenjulegar aðstæður eða byggð á takmörkuðum upplýsingum,
- ▶ búa yfir djúpstæðum skilningi á tengslum milli fræðilegs og verklegs náms og geta nýtt hann til þess að efla faglegan, listrænan og persónulegan þroska.

Námsmat: Stórt lokaverkefni flutt opinberlega og opin meistaravörn.

Umsjón: Sigurður Halldórsson

Kennarar: Berglind María Tómasdóttir og Sigurður Halldórsson

EVT0104TM Medieval music – Voces Thules

4 ECTS

Lýsing

Nemendur fá fyrirlestra sem kynna ýmsa tónlist miðalda, grunnkennslu í lestri á miðaldanótnaskrift og flutningsmáta. Þeir vinna með sönghópnum Voces Thules með áherslu á Gregoríanska söngva, aðra miðaldatónlist og/eða þjóðlegan söngarf. Nemendur læra aðferðir við flutning og útsetningar auk þess að snarstefja í miðaldastíl með notkun radda og miðaldahljóðfæra. Námskeiðið endar á opinberum tónleikum.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa yfirsýn yfir helstu stíla og aðferðir í miðaldatónlist og hafa kynnst tónlistararfi miðalda á Íslandi,
- ▶ hafa tileinkað sér og flutt opinberlega fjölbreytileg tónverk frá tímabilinu, bæði eftir rituðum og munnlegum heimildum auk spuna,
- ▶ hafa grunngetu í að nota röddina við túlkun miðaldatónlist.

Námsmat: Ástundun, virkni og opinberir tónleikar

Umsjón: Sigurður Halldórsson

Kennarar: Félagar í Voces Thules

MNS0004TM Menningarstjórnun

4 ECTS

Lýsing

Nemendur velja sér meginverkefni sem hver og einn vinnur sjálfstætt út frá áhuga sínum og áherslum í náminu. Verkefnið verða síðan unnin frá grunni til loka undir handleiðslu kennara. Nemendur fylgjast með verkefnum hinna og lögð er áhersla á að þeir séu virkir í verkefnavinnunni. Einnig verða smærri hópaverkefni unnin. Í fyrirlestrum verður farið nánar í úrvinnslu meginverkefnanna, tillögur og ábendingar. Efnið er kynnt með glærum og dæmum, sem talið er að geti skerpt og dýpkað skilning nemenda á námsefninu og verkefna- og viðburðastjórnun. Mikil áhersla er lögð á umræður og virka þátttöku nemenda. Kennslan nær til flestra þátta sem menningarverkefni innibera, allt frá hugmynd og markmiðum til framkvæmdar. Inn í það er blandað ýmsum verkefnum sem geta tengst meginverkefnum nemenda eða eru sjálfstæð. Nemendur á námskeiðinu fá tækifæri til að öðlast þjálfun í markvissri menningarstjórnun fjölbreyttra og stundum þverfaglegra verkefna sem gera kröfur til þekkingar, framsetningar og færni. Farið er yfir markmiðslýsingu, skipulag og margskonar áætlanir menningartengdra verkefna og bent á helstu áhættuþætti og frávik. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist skilning og leikni í öllum helstu þáttum menningarstjórnunar, bæði í sjálfstæðum verkefnum, verk-

efnum innan stofnana og samstarfsverkefnum. Virkni nemenda og sjálfstæð nálgun er hluti af markmiðum námskeiðsins og einnig er lögð áhersla á hópinnu og samstarf.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðsins eiga nemendur að geta:

- ▶ útskýrt meginforsendur menningarverkefna, inntak þeirra og erindi, markmið og framkvæmd,
- ▶ kynnt og greint mismunandi tegundir menningartengdra verkefna, þverfaglega möguleika, fjármögnun, skipulag og verkstjórn,
- ▶ útskýrt ferli verkefna frá hugmyndavinnu til framkvæmdar og helstu áhættuþætti mismunandi verkefna,
- ▶ beitt úrræðum til að leysa úr flóknum aðstæðum við framkvæmd menningarverkefna og geta útskýrt helstu þröskulda sem á veginum geta verið,
- ▶ gert grein fyrir forsendum viðskiptaáætlana, kynningarstarfs og teymisvinnu í menningarstjórnun,
- ▶ Hagnýtt færni sína til að kynna verkefni, sóknarfæri þeirra og möguleika
- ▶ Skýrt með dæmum starfsemi helstu menningarstofnana, stjórnarform þeirra og ramma verkefna á hinum ýmsu sviðum í samfélaginu
- ▶ lýst erlendu menningarsamsamstarfi og helstu forsendum þess, auk samningagerðar og höfundarétti.

Námsmat: Verkefni, sem nemendur velja sér sjálfir, er metið út frá úrvinnslu nemenda og kynningu á því. Endurmat fer fram tvisvar á námskeiðinu. Önnur minni verkefni eru einnig lögð fyrir.

Kennari: Þórunn Sigurðardóttir

MEN1002TM Mentor

2/3 ECTS

Lýsing

Mentor fyrir NAIP námið byggist á hóp- og einstaklingstímum þar sem fjallað er um námsleið, áherslur og áform nemandans með það fyrir augum að skýra og skerpa þessa þætti með gagnrýnum og uppbyggilegum hætti. Á haustnámskeiðinu í upphafi námsins hittast allir nemendurnir í öllum samstarfsskólunum, ásamt mentorunum, og grunnur er lagður að sameiginlegum skilningi á mentorakerfinu, persónulegar leiðir nemenda eru markaðar og drög lögð að vinnu nemendanna yfir allan námstímann. Mentor á að styðja við og skerpa vinnu nemandans gegnum allt námið, bæði hvað varðar rannsóknir og framkvæmd verkefna og viðburða, og virkjar einnig nemendahópinn og aðra kennara til að vera virka þátttakendur og „sam-mentora“ í starfi hvors annars. Nemendur halda dagbók sem verður efniviður í starfendarannsókn gegnum námið.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- ▶ hafa þekkingu og skilning á aðstæðum og samhengi, og geta samþætt verklega og fræðilega þætti námsins,
- ▶ búa yfir sjálfstæði í hugsun og vinnubrögðum en jafnframt geta nýtt sér þekkingu og innlegg jafninga og annarra samstarfsaðila,
- ▶ vera meðvitaðir um listræna og persónulega styrkleika og veikleika og vera færir um að veita stuðning og taka við stuðningi,
- ▶ geta tekið upplýstar ákvarðanir byggðar á sjálfsgagnrýni og stöðugu endurmati, og þróað þekkingu sína, bæði sem persóna og fagmanneskja.

Námsmat: Sjálfsmat, jafningjamat byggt á samtali og dagbók.

Umsjón: Sigurður Halldórsson

Kennarar: Ýmsir

OPLO102TM Óperu lab

4 ECTS

Lýsing

Ákveðin verkefni, hlutar eða heild, sem nemendur hafa undirbúið og eru þeirra eigin smíð og/eða konsept eru tekin fyrir og unnin með tilliti til hinna fjölbreytilegu þátta sem koma við sögu í óperu eða tónlistarleikhúsi. Meðal þessara þátta eru meðvitund um rými, slökun og spenna, rödd og texti og túlkun og tjáning. Námskeiðin er skipt í 1 – 3 fyrirfram skilgreind verkefni og hverjum hluta lýkur með opnum masterklassa og því næst opinberum flutningi.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa öðlast haldbæra reynslu í að sameina tónlistartúlkun, sviðsvinnu og mótun framvindu í óperu – eða söngleikjaforminu,
- ▶ hafa fengið tækifæri til að framsetja eigið efni eða konsept fyrir kennara og samnemendur til að auka áhrif og gæði viðkomandi verkefnis og þroska persónulega færni og stíl,
- ▶ hafa öðlast betri rýmisvitund og stjórn á líkamsburði, spennu og slökun.

Námsmat: Ástundun, virkni og frammistaða.

Umsjón: Sigurður Halldórsson

Kennarar: Ýmsir

PAC0205TM Performance and communication skills II

4 ECTS

Lýsing

Námskeiðið er framhald af Performance and Communication I og er ætlað að taka á ítarlegri hátt á þáttum sem nemendahópurinn velur að taka lengra en unnt er á haustönn og/eða fara djúpt í afmarkað eða afmörkuð verkefni. Námskeiðið samanstendur af hóptímum og fyrirlestrum þar sem kynntar eru ýmsar leiðir við að kynna tónlist á þann hátt sem vekur áhuga og forvitni. Einnig er unnið með æfingar sem hjálpa nemendum við að koma listrænum efnivið sínum fram á skýran og sannfærandi hátt með líkamstjáningu jafnt sem munnlega og í tónum. Nemendur vinna með nýjar hugmyndir í þá veru t.d. með því að notast við eigið repertoire og spuna. Einnig eru ýmsar leiðir kannaðar til að þróa ýmis verkefni með fjölbreytilegum samfélagshópum út frá tilteknum tónverkum, tónlistarstefnu eða stíl. Hæfniviðmið

Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- ▶ hafa skilning á og getu til að koma sinni listrænu sannfæringu til skila á sannfærandi hátt fyrir reynda jafnt sem óreynda áhorfendur, sem öflugur flytjandi, tónskáld og/eða leiðbeinandi,
- ▶ hafa hæfni til að skapa og vinna með nýtt tónlistarefni sem er sprottið úr fjölbreytilegum tilgangi og aðstæðum með innblæstri frá þátttakendum,
- ▶ geta af öryggi gert tónlistarlegum hugmyndum sínum greinileg skil á ýmiskonar vettvangi fyrir ólíka áhorfendahópa og notast við margbreytilegan tónlistarlegan efnivið,
- ▶ hafa reynslu í samskiptum og félagslega færni til að stofna til samstarfs um alls kyns verkefni, samlagast einstaklingum og hópum við hvers kyns menningarlegar aðstæður og vera fær um að skýra úr flókið efni á aðgengilegan hátt í rituðu og mæltu máli.

Námsmat: Opinber flutningur, jafningja- og sjálfsmat.

Umsjón: Sigurður Halldórsson

Kennarar: Berglind María Tómasdóttir o. fl.

Flæðirit í meistaranámi í tónsmíðum

Meistaránám í tónsmíðum: MMus/MA – 120 ECTS					
		1. önn	2. önn	3. önn	4. önn
AÐALFAG	Tónsmíðar	11	13	13	
	Aðalfagsval	4	4	4	
	Lokaverk				20 ¹⁾ /10 ²⁾ /28 ^{3,4)}
FRÆÐI	Rannsóknir á íslensk tónlist	4			
	Fræðavaal		5	5	
	Deilan	2			
	Rannsóknarþjálfun	5	2		
	MA-ritgerð/MMus-greinargerð				10 ¹⁾ /20 ²⁾ /2 ^{3,4)}
VAL		4	6	8	
Samtals		30	30	30	30

- 1) 20 ECTS tónverk og 10 ECTS ritgerð.
- 2) 10 ECTS tónverk og 20 ECTS ritgerð.
- 3) 28 ECTS tónverk og 2 ECTS greinargerð.
- 4) 28 ECTS tónverk/flutningur og 2 ECTS greinargerð.

Fjórar leiðir: MA 1, MA 2, MMus 1, MMus 2

1. MA 1: Listræn rannsókn – 20 ECTS lokaverk og 10 ECTS ritgerð

- Lokaverk að lágmarki þrjátíu mínútur* er flutt á tónleikum eða sýningu. Um getur verið að ræða eitt eða fleiri verk (portfólló).
- Nemandi skrifar að lágmarki átta þúsund orða ritgerð þar sem hann setur tónsmíðar sínar í samhengi og gerir grein fyrir fagurfræðilegum, tónlistarlegum og tæknilegum áherslum sínum.

Meistaránám í tónsmíðum: MA 1 – 120 ECTS					
		1. önn	2. önn	3. önn	4. önn
AÐALFAG	Tónsmíðar	11	13	13	
	Aðalfagsval	4	4	4	
	Lokaverk				20
FRÆÐI	Rannsóknir á íslenski tónlist	4			
	Fræðaval		5	5	
	Deilan	2			
	Rannsóknarþjálfun	5	2		
	MA-ritgerð				10
VAL		4	6	8	
Samtals		30	30	30	30

Aðalfagsval ætti að miðast við annaðhvort taki nemandi hljóðfærafræði I, II, III eða raftækni/hljóðfræði I, II, III, ef vilji er til að blanda saman fer það af öðru vali

2. MA 2: Tónvísindaleg rannsókn - 10 ECTS lokaverk og 20 ECTS ritgerð

- Lokaverk, u.þ.b. tuttugu mínútur* er flutt opinberlega. Um getur verið að ræða eitt eða fleiri (portfólló).
- Nemandi skrifar að lágmarki þrettán þúsund orða ritgerð sem er tónvísindaleg rannsókn.

Meistaránám í tónsmíðum: MA 2 – 120 ECTS					
		1. önn	2. önn	3. önn	4. önn
AÐALFAG	Tónsmíðar	11	13	13	
	Aðalfagsval	4	4	4	
	Lokaverk				10
FRÆÐI	Rannsóknir á íslenski tónlist	4			
	Fræðaval		5	5	
	Deilan	2			
	MA-ritgerðarrannsókn	4	4	4	
	Rannsóknarþjálfun	5	2		
	MA-ritgerð				
VAL					20
Samtals			2	4	

Aðalfagsval getur verið 2:1 – fræðaval ætti að undirbyggja MA-ritgerð ásamt öðru vali.

3. MMus 1: Þverfagleg nálgun – 28 ECTS lokaverk og 2 ECTS greinargerð

1. Lokaverk að lágmarki fjórutíu mínútur* er flutt á tónleikum eða sýningu. Um getur verið að ræða eitt eða fleiri verk (portfólió). Nemandi getur lagt áherslu á fjölbreytileika í stíl, tegund eða þverfaglega nálgun t.d. innsetningu, tón- eða dansleikhús o.s.frv.
2. Nemandi skrifar u.þ.b. tvö þúsund orða greinargerð um tilurð verksins, aðferðir og tengsl mismunandi þátta verkefnisins.

Meistaránám í tónsmíðum: MMus 1 – 120 ECTS					
		1. önn	2. önn	3. önn	4. önn
AÐALFAG	Tónsmíðar	11	13	13	
	Aðalfagsval	4	4	4	
	Þverfagleg nálgun/fjölstíll	4	4	4	
FRÆÐI	Lokaverk				28
	Rannsóknir á íslenskri tónlist	4			
	Fræðavaal		5	5	
	Deilan	2			
	Rannsóknarþjálfun	5	2		
MA-ritgerð/MMus-greinargerð				2	
VAL			2	4	
Samtals		30	30	30	30

4. MMus 2: Tónskáld sem flytjandi - 28 ECTS lokaverk/flutningur og 2 ECTS greinargerð

1. Lokaverk að lágmarki 30 mínútur* er flutt á tónleikum eða sýningu. Nemandi tekur virkan þátt í flutningnum sem flytjandi eða stjórnandi.
2. Nemandi skrifar u.þ.b. tvö þúsund orða greinargerð um tilurð verksins, aðferðir og tengsl mismunandi þátta verkefnisins.

Meistaránám í tónsmíðum: MMus 2 – 120 ECTS					
		1. önn	2. önn	3. önn	4. önn
AÐALFAG	Tónsmíðar	11	13	13	
	Aðalfagsval	4	4	4	
	Lokaverk				20
FRÆÐI	Tónskáld/flytjandi	4	4	4	8
	Rannsóknir á íslenskri tónlist	4			
	Fræðavaal		5	5	
	Deilan	2			
	Rannsóknarþjálfun	5	2		
MMus-greinargerð				2	
VAL			2	4	
Samtals		30	30	30	30

MIKILVÆGAR DAGSETNINGAR 2015–2016

HAUSTÖNN 2015

24. ágúst	Skólassetning – kennslutímabil á haustönn hefst
14. ágúst	Gjalddagi fyrri hluta skólagjalda
24. september	Haustútskrift
2.–6. nóvember	Verkefnavika
13. nóvember	Opinn dagur
11. desember	Síðasti kennsludagur á haustönn
14.–18. desember	Verkefna- og prófavika
21. desember	Jólafrí hefst

VORÖNN 2016

04. janúar	Skrifstofa opnar eftir jólaleyfi
11. janúar	Kennslutímabil á vorönn hefst
29. janúar	Vetrarútskrift
15. febrúar	Gjalddagi seinni hluta skólagjalda
28. febrúar	Háskóladagurinn – Opinn dagur
15.–19. febrúar	Verkefnavika
26. febrúar	Hugarflug
21. mars – 30. mars	Páskafrí
12. maí	Síðasti kennsludagur vorannar
15.–20. maí	Verkefna- og prófavika
17. júní	Útskrift skólans